

Fundargerð 310. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: þriðjudagur 7. janúar 2025
Fundartími: 16:00-16:10
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við trúnaðarmálum undir lið 5. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærисleyfi í Þingborg

Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn sveitarfélags vegna umsóknar frá Hafðísi Gígju Björnsdóttur kt. 300697-2409 um tækifærисleyfi vegna þorrablóts í Þingborg 8. febrúar 2025 frá kl. 19:00 til kl. 04:00 aðfaranótt 9. febrúar 2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við umsókn vegna tækifærисleyfis í Félagsheimilinu Þingborg frá kl. 19:00 þann 08.02.2025 til kl. 04:00 þann 09.02.2025. Farið er fram á að gestafjöldi fari ekki yfir 340 manns eins og leyfilegur fjöldi í veitingum er tilgreindur í gildandi leyfi fyrir Þingborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum

2. Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki II, G

íbúðir í Kolsholti 1

Fyrir liggur að umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki II (G), íbúðir, rýmisnúmer 01-0101, frá Sigmari Erni Aðalsteinssyni fyrir hönd Kolsholt ehf, kt. 510615-0420 á landeigninni Kolsholt land 1, (F220 1369).

Umsóknaraðili er með fasta búsetu á aðliggjandi landeign og er eigandi ofangeindrar eignar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokk II (G) íbúðir á landeigninni Kolsholt land 1 F220 13369.

Samþykkt með 5 atkvæðum

3. Fundargerðir

- Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 309, dags. 17.12.2024
- Sameiginlegs fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

4. Efni til kynningar

- Staða verkefnisins Endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna
- Frá Úrvinnslusjóði – Áætlun um mánaðarlegar greiðslur Úrvinnslusjóðs til Flóahrepps
- Næsti fundur sveitarstjórnar verður 21. janúar kl. 16:00 í Þingborg og í beinu streymi.

5. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)
Walter Fannar Kristjánsson (sign)
Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)
Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson
Hanna Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

1342

Walter Fannar Kristjánsson
Hulda Kristjánsdóttir



Fundargerð nr. 29

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg fundarsalur
Fundardagur: Þriðjudagur 14. janúar 2025
Fundartími: 8:15-10:00
Fundarmenn: Haraldur Einarsson, formaður
Heimir Rafn Bjarkason
Hjalti Guðmundsson
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Að auki sátu Árni Eiríksson oddviti og Börkur Brynjársson ráðgjafi fundinn.
Reynir Þór Jónsson sat fundinn undir lið 1.

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Erindi frá Reyni Þór Jónssyni - Varaafl á vatnsveitu

Reynir Þór Jónsson kom inn á fundinn og fylgdi eftir erindi sem hann sendi á nefndina og snýr að afhendingaröryggi vatns á Hurðarbaki.
Mjólkurframleiðendum er í dag gert skylt að vera með varaafli en í þeirra tilfelli dugir ekki að vera með varaafli ef vatnsþrýstingur dettur niður um leið og vart verður við rafmagnsleysi.
Ákveðið að fara í framkvæmdir við lögn milli Neistastaða og Ruddakróks sem tengd er inn á Dalsmynnislögnina við mastur. Við það ætti afhendingaröryggi á Hurðarbaki að aukast.

2. Skýrsla og staða mála hjá Berki Brynjárssyni

Formaður nefndar og sveitarstjóri funduðu með Berki Brynjárssyni 26. nóvember 2024 þar sem farið var yfir stöðu verksamnings á milli Flóahrepps og ráðgjafa.
Farið var yfir skýrsu frá Berki Brynjárssyni um verkefni ársins 2024. Eftifarandi var sérstaklega rætt:

a) Handbók vatnsveitu og innra eftirlit:

Unnið er að innra eftirlitinu og gæðahandbókinni í vatnsveitunni. Vinna við að koma upp eftirlitskerfi hefur verið í gangi og gengur vel. Eftir að setja upp endabúnað á hverjum stað og setja upp miðlæga tölvu með skjámyndakerfi.
Framkvæmda- og veitunefnd leggur áherslu á að gæðahandbókin skuli vera klár fyrir mánaðarmótin febrúar-mars og endabúnaður á eftirlitskerfi verði klárað í janúar.

b) Nýframkvæmdir:

Leggja þarf um 1 km lögn meðfram Huldu- og Maríuhólum til að tengjast inn á sverari lögnina við Skeiðaveginn.
Berki Brynjárssyni falið að kanna verð og áhuga hjá Ólafsvöllum ehf. í þessa framkvæmd og í kjölfarið verði tekin ákvörðun um hvort Ólafsvellir ehf. eða verktakarnir okkar fari í þetta verkefni.

Klára þarf hæðarstýringu á tanki við Þingdal-Ruddakrók og tengja við lokann. *Berki Brynjárssyni falið að fá verktaka til að klára sem fyrst og eigi síðar en 1. maí.*

c) Kortlagning á vatnsveitunni:

Börkur Brynjársson er búinn að ræða við verktakana okkar um að taka fund þar sem þeir setjast niður með tækniteiknara og koma með upplýsingar um vatnsveituna og legu lagna. Með því fáum við meiri upplýsingar sem bætast við þær innmældu lagnir sem liggja fyrir.

FLÓAHREPPUR

480 4370 | floahreppur@floahreppur.is | www.floahreppur.is | Þingborg | 803 Selfoss



Berki Brynjarsyni falið að bóka fund í janúar með verktökum.

d) Dæluhús við Uppsali

Verið að klára merkjalýsinguna vegna stofnunar lóðar. Klára þarf teikningar af húsinu og sækja um byggingarleyfi. Fá verktaka í vatnsveitu til að gera púðann og leggja lagnirnar að. Gera þarf verðkönnun hjá 2-3 verktökum sem hefðu áhuga á að byggja húsið. Búið er að panta dælu, rafstöð og hraðabreyti. Sækja þar fum heimtaug sem fyrst.

Berki Brynjarsyni falið að sækja um heimtaug hjá RARIK vegna dæluhússins og vinna málið áfram.

e) Vegagerð – Ölfusárbrú

Börkur Brynjarsson og Guðmundur Daníelsson hafa verið í samskiptum við samræmingarhönnuð vegna mála sem snúa að vatnsveitu og Flóaljósi.

Búið er að sækja um tengingu við vatnsveitu vegna vinnubúða við brúna.

Samþykkt að settur verði upp mælir vegna kalda vatnsins á vinnubúðirnar og samið um greiðslu frá þG verk fyrir raunnotkun. Berki Brynjarsyni falið að vinna málið áfram.

f) Fráveitumál í Brandshúsahverfinu

Töluberður tími ráðgjafa og verktaka hefur farið í greiningu og lagfæringu á fráveitukerfi í Brandshúsahverfinu á árinu.

Sveitarstjóri sendi bréf með tilmælum á húseigendur í Brandshúsahverfinu vegna fráveitumála. Tilmæli verði unnin af Berki Brynjarsyni og sveitarstjóra.

3. Fjárfestingaáætlun 2025

a) Þingborgarsvæðið

Setja þarf kraft í verkefnið ef það á að fara af stað á árinu af alvöru. Efla hefur skilað inn frum kostnaðaráætlun vegna gatnagerðar fyrir allt hverfið með öllum veitum nema lögnum RARIK. Rætt hefur verið við RARIK og Hitaveitu Hraungerðishrepps um fyrirhugað hverfi.

Verkefnið rætt lauslega og ákveðið að næsti fundur nefndarinnar fari að mestu í umfjöllun um Þingborgarsvæðið. Nefndarmenn skoði kostnaðaráætlun og önnur gögn vel fyrir þann fund. Sveitarstjóri tekur saman gögn sem gætu nýst fyrir fundinn.

b) Breytingar á sal í Þingborg

Á áætlun að fara í breytingar í Þingborg í september-október 2025. Búið er að loka fyrir bókanir á þeim tíma og rætt hefur verið við skólastjóra vegna röskunar á íþróttakennslu í salnum í haust. Mikilvægt að undirbúa verkefnið vel og reyna að hafa sem mest klárt þegar að því kemur að fara í verklegar framkvæmdir.

Ganga þarf frá aðalteikningum/byggingarnefndarteikningum og sækja um byggingaleyfi sem fyrst.

Sveitarstjóra falið að kanna aðalhönnuð vegna breytinganna og vinna málið áfram.

c) Vatnsveitan

- Þjóðvegur 1/Uppsalar. Stærsta framkvæmdin á árinu 2025. Sjá nánar í lið 2. d).
- Ný íbúðabyggð í Vestur-Meðalholtum. Samráðsfundur var haldinn með veitufyrirtækjum og eigendum 04.12.2024.
- Styrking að Hróarsholtsvegi. Kanna þarf hvort betra er að fara frá Orrustudal eða frá þjóðvegi 1 (svipað langt). Verk sem þarf að vinnast snemma í vor.
- Styrking frá Súluholti að Rimum og Súlum (nýja íbúðabyggðin).
- Styrking vegna nýrra landeigna í landi Mýra.
- Að auki er gert ráð fyrir óskilgreindum framkvæmdum og samstarfi við önnur sveitarfélög vegna kaldavatnsöflunar.

FLÓAHREPPUR

480 4370 | floahreppur@floahreppur.is | www.floahreppur.is | Þingborg | 803 Selfoss



Undirbúa þarf verktaka í vatnsveitunni vegna þessara framkvæmda þannig að tímabilið frá vori og fram á haust nýtist sem best. Tímasestja framkvæmdirnar og hefja undirbúning á framkvæmdum.

Sveitarstjóri sendi upplýsingar á verktakana.

d) **Heiðargerði nýtt svæði**

Deiliskipulag á lokametrunnum (í auglýsingu). Um er að ræða 10 lóðir sem ætlaðar eru til uppbyggingar hreinlegrar atvinnustarfsemi. Auk þess er gert ráð fyrir geymslu- og gámasvæði (til útleigu).

Huga þarf að veitumálum og gatnagerð og auglýsa lóðir lausar til úthlutunar þegar allt liggar fyrir.

e) **Flóaskóli hönnun á viðbyggingu**

Gert er ráð fyrir að setja 20 milljónir í hönnun á viðbyggingu við Flóaskóla á árinu. Oddviti boði fund í bygginganefnd á næstu vikum þar sem farið verði yfir stöðu mála og ákvarðanir tekna um næst skref.

f) **Önnur fjárfesting**

Endurnýja á bíl fyrir áhaldahús, keypt hefur verið rafstöð á kerru fyrir vatnsveitu, klára útisvæði við Flóaskóla (búið að kaupa allt efni), fjárfest í iðnaðarbili fyrir áhaldahús sveitarfélagsins ásamt tilfallandi fjárfestingu og verkefnum á skólalóðum leik- og grunnskóla.

4. Efni til kynningar

- Fundargerð 28. fundar framkvæmda- og veitunefndar dags. 19.11.2024
- Staða tenginga vatnsveitumannvirkja við Flóaljós
- Samráðsfundur vegna íbúðabyggðar í Vestur-Meðalholtum

5. Önnur mál

- Sveitarstjóra falið að taka saman vinnuskjal sem tekur til fyrirhugaðra skipulagsmála eða framkvæmda og hafa áhrif á vatnsveitu og ljósleiðara.
- Rætt um mikilvægi þess að haldið verði vel utanum þær stóru framkvæmdir og uppbyggingu sem framundan er í sveitarfélagini á næstu árum.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að skoðaður verði möguleikinn á því að sveitarfélagið auglýsi eftir tæknifræðingi sem sinni verkefnastjórn, utanumhaldi og öðru vegna verklegra framkvæmda og tilfallandi verklegra verkefna í sveitarfélagini.

Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 11. febrúar kl. 8:15 í Þingborg.

Fundargerð rituð af Hulda Kristjánsdóttur, sveitarstjóra

SJÁLFBÆRNÍ

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Hulda Kristjánsdóttir
Kt. 3001843249
Dags. 14.1.2025 14:11:39
Ástæða: Undirritun

FRAMSÆKNI

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Hjalti Guðmundsson
Kt. 2609694479
Dags. 14.1.2025 14:13:22
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Helmir Rafn Bjarkason
Kt. 2005824899
Dags. 15.1.2025 10:39:24
Ástæða: Undirritun

SAMVINNA

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Haraldur Einarsson
Kt. 2409873769
Dags. 16.1.2025 15:20:13
Ástæða: Undirritun

**Stjórn byggðasamlags UTU - 117. fundur
haldinn á Teams, mánudaginn 16. desember 2024
og hófst hann kl. 15:00**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

Í upphafi fundar var umræða um vinnu KPMG vegna endurskoðunar á rekstri UTU.

Dagskrá:

1. Þjónustusamningur uppsögn

Lagt fram til kynningar bréf frá Grímsnes- og Grafningshreppi, dagsett 22. nóv. þar sem hreppurinn segir upp gildandi þjónustusamningi við UTU. Þriggja mánaðar uppsagnarfrestur er á samningnum.

Skrifstofustjóri leggur til að verkefni sem tilheyra samningnum verði færð að hluta eða öll inn á skrifstofu UTU og telur að mögulega sé svigrúm til þess með endurskipulagningu og breytingu á störfum m.a. vegna innleiðinga á stafrænni skjalavistun og fl.

Skrifstofustjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

2. Seyruverkefnið

Skrifstofustjóri segir frá rekstri seyruverkefnisins og ferð sem hún fór í ásamt starfsmönnum verkefnisins og undirverktaka dagana 10.-12. des. vegna endurnýjunar á kalkara og smíða á móttökubúnaði á Seyrustöðum. Ferðin var mjög gagnleg og gott að fá samanburð á hreinsunum og vinnslu á seyru á milli landa. Áhugavert var m.a. að í Frakklandi nota bændur seyruna sem áburð, plægja hann niður með þeim skilyrðum að seyran verði að vera með ph gildi að lágmarki 12 til að mega notast sem áburður. Rotþrær í héraðinu voru hreinsaðar á fjögra ára fresti.

Umræður í stjórn voru um seyruverkefnið og mikilvægi þess að kortleggja sameiginlegar þrær sveitarfélaganna og passa að þær séu hreinsaðar reglulega.

Lagt fram til kynningar.

3. Innborgun á fyrirframgreiddum kostnaði vegna fjárfestinga árið 2025

Á 116. fundi stjórnar, dagskrárið 5. var samþykkt endurnýjun á kalkara ásamt kaupum á nýjum móttökubúnaði á Seyrustöðum, heildar kostnaður við kaupin eru áætluð 22,5 millj. kr. og gert var ráð fyrir að innborguninn á nýjan kalkara 5 millj. kr. myndu falla til á þessu rekstrarári vegna fjárfestingarinnar.

Stjórn samþykkir eftirfarandi innborgun:

Vegna fjárfestingar í endurnýjun á kalkara og kaupa á móttökubúnaði heildarfjárhæð 22,5 m.kr. þá þarf embættið að greiða fyrirfram fjárhæð 5,0 m.kr. á árinu 2024 því þarf að mæta með hækkan á fyrirframgreiddum kostnaði um 5,0 m.kr. og lækkun á handbæru fé á árinu 2024.

Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

Byggingarverktaki leighuhúsnaðis sem skrifstofa UTU er í gerir ráð fyrir að vera með veislu í tilefni af verklokum á byggingunni þann 10. janúar nk.

Umræður um jólafrí og jölagjafir til starfsmann og hvernig sé best að útfæra þau mál.

Lagðar fram myndir þar sem sjá má að eftir síðustu ferð hjá undirverktaka á deyfingarsvæði seyrugerkefnisins með seyrur hefur vegurinn á svæðið látið á sjá þar sem leysingar voru meiri en gert var ráð fyrir þann sama dag. Skrifstofustjóra falið að fara yfir málið með undirverktaka og fulltrúa Hrunamannahrepps og taka út ástand vegarins þegar færi gefst.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:50

Helgi Kjartansson

Walter Fannar Kristjánsson

Ása Valdís Árnadóttir

Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson

Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson



Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 07.01.2025
Tími: 08:13:19
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8cde3605-
964e-4318-b526-
8a48535c8cdb

Varaformaður
Helgi Kjartansson



Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 07.01.2025
Tími: 13:35:58
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8cde3605-
964e-4318-b526-
8a48535c8cdb

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson



Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 06.01.2025
Tími: 14:30:19
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8cde3605-
964e-4318-b526-
8a48535c8cdb

Aðalmaður
Jón Bjarnason



Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 06.01.2025
Tími: 23:22:32
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8cde3605-
964e-4318-b526-
8a48535c8cdb

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson



Undirritað af:
Walter Fannar
Kristjánsson
0609892229
Dags: 06.01.2025
Tími: 13:37:35
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8cde3605-
964e-4318-b526-
8a48535c8cdb

Aðalmaður
Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 08.01.2025
Tími: 08:58:27
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 8cde3605-
964e-4318-b526-
8a48535c8cdb

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn að Borg í Grímsnesi 17. desember 2024, kl. 13:00

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepss
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps
Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri í Bláskógabyggð
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Sylvia Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fundargerðin aritaði Aldís Hafsteinsdóttir.
Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Starfsemi og skipulag.

Á fundi stjórnar SVÁ þann 22. nóvember sl. var formanni og ritara stjórnar falið að ræða við deildarstjóra um starfsemi SVÁ og framtíðarskipulag. Þessir fundir áttu sér stað á Þingborg þann 2. desember sl. Annars vegar var fundað með deildarstjóra velferðarþjónustu og hins vegar með deildarstjóra skólaþjónustu. Rætt var um stöðu þjónustunnar og reynslu undangenginna tveggja ára. Eftir samtölin er ljóst að starfsemin tekst á við ýmsar áskornir svo sem manneklu, húsnæðismál, vegalengdir á milli staða og fleira.

Stjórn samþykkir samhljóða að fela formanni að kanna hvaða fagaðili er best til þess fallinn að gera úttekt á starfsemi SVÁ, nú þegar tvö ár eru liðin frá stofnun þjónustunnar enda er það mat stjórnar að tímabært sé að meta á þessum tímapunkti hvernig til hefur tekist.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10

<input type="checkbox"/>	RAFRÆNT UNDIRRITAD
Sylvia Karen W. Helmlsdóttir	
Kt. 2908825679	
Dags. 3.1.2025 12:54:10	
Ástæða: Undirritun	
<input type="checkbox"/>	RAFRÆNT UNDIRRITAD
Hulda Kristjánsdóttir	
Kt. 3001843249	
Dags. 3.1.2025 11:42:42	
Ástæða: Undirritun	

<input type="checkbox"/>	RAFRÆNT UNDIRRITAD
Haraldur Þór Jónsson	
Kt. 2705765089	
Dags. 5.1.2025 16:31:49	
Ástæða: Undirritun	
<input type="checkbox"/>	RAFRÆNT UNDIRRITAD
Árni Eiríksson	
Kt. 0809664589	
Dags. 3.1.2025 11:45:39	
Ástæða: Undirritun	

<input type="checkbox"/>	RAFRÆNT UNDIRRITAD
Ása Valdís Árnadóttir	
Kt. 3004825119	
Dags. 6.1.2025 10:08:17	
Ástæða: Undirritun	
<input type="checkbox"/>	RAFRÆNT UNDIRRITAD
Aldís Hafsteinsdóttir	
Kt. 2112645009	
Dags. 3.1.2025 11:51:41	
Ástæða: Undirritun	

<input type="checkbox"/>	RAFRÆNT UNDIRRITAD
Helgi Kjartansson	
Kt. 0211715499	
Dags. 6.1.2025 10:27:13	
Ástæða: Undirritun	
<input type="checkbox"/>	RAFRÆNT UNDIRRITAD
Ásta Stefánsdóttir	
Kt. 2510703189	
Dags. 3.1.2025 12:44:30	
Ástæða: Undirritun	

79. stjórnarfundur Bergrisans bs.

2.12.2024

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Elliði Vignisson, Sandra Sigurðardóttir, Ása Valdís Árnadóttir og Eggert Valur Guðmundsson.

Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Dagskrá

1. Breyting á stjórn og kosning varaformanns og ritara

Á aðalfundi Bergrisans bs. þann 14. október 2024 urðu breytingar á stjórn. Anton Kári Halldórsson fer úr stjórn og verður varamaður og í hans stað kemur Eggert Valur Guðmundsson sem var áður varamaður. Stjórn og starfsfólk Bergrisans þakkar Antoni kærlega fyrir hans framlag til Bergrisans og óskar honum velfarnaðar í næstu verkefnum. Einnig kemur inn nýr varamaður frá Árborg, Sveinn Ægir Birgisson.

Skv. samþykktum Bergrisans er Bragi Bjarnason sjálfkjörinn formaður. Á fundinum voru lagðar fram tillögur um að Ása Valdís Árnadóttir yrðir varaformaður og að Elliði Vignisson yrði ritari.

Stjórn samþykkir samhljóða tillögur um varaformann og ritara.

2. Minnisblað frá Arnardrangji hses.

Arnardrangur hses. óskaði eftir umsögn Bergrisans um minnisblað vegna eignarhalds á húsnæði í málaflokki fatlaðra. Stjórn Bergrisans bókar eftirfarandi umsögn:

Stjórn Bergrisans bs. barst minnisblað frá Arnardangi íbúðafélagi hses. um eignarhald á húsnæði í málaflokki fatlaðra á starfssvæði Bergrisans. Í minnisblaðinu eru lagðir fram fjórir möguleikar, þ.e. að eignarhald sé hjá Bergrisanum bs., að eignarhald sé hjá Arnardangi íbúðafélagi hses., að eignarhald sé hjá Brák íbúðafélagi hses. eða að eignarhald sé hjá viðkomandi sveitarfélagi. Stjórn Bergrisans tekur undir þann rökstuðning í minnisblaðinu um að eignarhaldið skuli ekki vera hjá Bergrisanum til að gæta að aðskilnaði á þjónustu skv. lögum nr. 38/2018 og styður jafnframt þá niðurstöðu að eignarhaldið skuli vera hjá Brák íbúðafélagi eða sveitarfélögunum. Stjórn Bergrisans gerir því ekki athugasemdir við minnisblaðið.

3. Fundargerðir þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerðir þjónusturáðs númer 184 og 185. Sex liðir eru lagðir fram til frekari umræðu:

3.a. Kostnaðarþátttaka á sértæku vistunar- og skólaúrræði

Lögð er fram beiðni um kostnaðarþátttöku vegna tímabundinnar þjónustu við barn í sértæku vistunar- og skólaúrræði vegna ársins 2024 og 2025. Þjónusturáð leggur til við stjórn að samþykja beiðni um kostnaðarþátttöku í samræmi við leiðbeiningar BOFS og með fyrirvara um fjármögnun skv. framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Kostnaður vegna þjónustunnar eru 110 m.kr. árið 2024.

Stjórn samþykkir tímabundna kostnaðarþátttöku með fyrirvara um fjármögnun frá Jöfnunarsjóði

3.b. Erindi um aukningu á fjölda tíma í NPA samningi

Þjónusturáði barst erindi um aukningu tíma í NPA samningi, bæði afturvirktil að bæta upp halla og til framtíðar til að tryggja rekstrargrundvöll samningsins. Þjónusturáð leggur til að synja erindinu enda eru viðbótarútgjöld ekki í samræmi við gildandi samning og ekki á ábyrgð Bergrisans eða sveitarfélaga og það hefur ekki verið sýnt fram á þörf fyrir aukna þjónustuþörf í samráði við velferðarsvið eða Bergrisann.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og synjar erindinu.

3.c. Beiðni um aukningu á fjölda tíma í NPA samningi - 102589

Vegna aukinnar stuðningsþarf er óskað eftir að hækka tímajölda í samningi aðila með auðkennið 102589. Kostnaður Bergrisans á ári verður 28.112.460 kr og leggur þjónusturáð til að umsóknin verði samþykkt.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir umsóknina.

3.d. Umsókn um NPA samning - 105466

Aðili með auðkennið 105466 sækir um NPA samning. Um er að ræða samtals 12.074.532 kr hjá Bergrisanum og leggur þjónusturáð til að umsóknin verði samþykkt.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir umsóknina.

3.e. Umsókn um NPA samning - 105467

Aðili með auðkennið 105466 sækir um NPA samning. Um er að ræða samtals 12.074.532 kr hjá Bergrisanum og leggur þjónusturáð til að umsóknin verði samþykkt.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir umsóknina.

3.f. Verkfall hjá F.Su.

Þegar stjórn fundaði var nýlega búið að samþykja frestun verkfalls í Fjölbautaskóla Suðurlands. Stjórn fagnar frestun verkfalls og vekur athygli á að nemendur á sérnámsbraut eru í mjög viðkvæmri stöðu og getur verkfall haft slæmar afleiðingar á líðan og stöðu þessara ungmenna.

4. Framlög til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks

Fasteignarsjóði Jöfnunarsjóðs er heimilt að úthluta allt að 415 mkr í sérstök framlög sem nema 50% af heildarkostnaði framkvæmda á árinu 2024. Fasteignasjóður hefur sett viðmið um dreifingu fjármagnsins og er áætlað að Suðurland fái allt að 39,74 mkr úthlutað. Er þjónustusvæðum gert að standa saman að

umsóknum vegna verkefnisins og óskaði Bergrisinn eftir umsóknum frá aðildarsveitarfélögum fyrr á árinu og er umsóknarfrestur liðinn. Alls bárust fjórar styrkumsóknir.

- Sveitarfélagið Árborg - bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Heildarkostnaður: 2.846.679. 50% styrkur: 1.423.339.
- Hrunamannahreppur - bætt aðgengi í félagsheimili. Heildarkostnaður: 11.119.000. 50% styrkur: 5.559.500.
- Hrunamannahreppur - bætt aðgengi í íþróttahúsi. Heildarkostnaður: 14.455.900. 50% styrkur: 7.227.950.
- Rangárþing eystra - breyting á húsnæði VISS. Heildarkostnaður: 11.246.900. 50% styrkur: 5.623.450.
- Skaftárhreppur - breyting á aðgengi að grunnskóla, mötuneyti, skrifstofu sveitarfélags og bókasafni. Heildarkostnaður: 11.288.895. 50% styrkur: 5.644.448.

Samtals var því sótt um styrki að upphæð 25.478.687.

Stjórn samþykkir þessa fimm styrki en felur jafnframt verkefnastjóra að auglýsa viðbótarumsóknarfrest fyrir eftirstöðvar styrksins.

Elliði víkur af fundi kl. 14:00.

5. Nýtt húsnæði á Hvolsvelli

Stjórn samþykkir að fara í viðræður við Brák íbúðafélag hses. um byggingu á nýjum búsetukjarna á Hvolsvelli. Er starfsfólk Bergrisans falið að hefja viðræður við forsvarsmenn Brákar.

6. Skaftholt

Verkefnastjóri og skrifstofustjóri fóru yfir málefni Skaftholts ásamt ársreikningi 2023 og drög að uppskiptingu félagsins.

Samningur við Skaftholt er að renna út um áramót og felur stjórn verkefnastjóra og skrifstofustjóra að ganga frá skammtímasamkomulagi við Skaftholt um áframhaldandi þjónustu til allt að 12 mánaða.

7. Önnur mál

Lagt er til að næsti stjórnarfundur verði 27. janúar.

Samþykkt að halda vinnufund stjórnar mánudaginn 13. janúar 2025 kl. 13 í Bankanum.

Fundi slitið klukkan 14:45.

Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 20.12.2024
Tími: 14:29:28
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 123dc0fb-9413-
4453-b4d0-1445640619d8

Elliði Vignisson



Undirritað af:
Elliði Vignisson
2804695649
Dags: 07.01.2025
Tími: 10:30:04
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 123dc0fb-9413-
4453-b4d0-1445640619d8

Sandra Sigurðardóttir



Undirritað af:
Sandra Sigurðardóttir
0602834949
Dags: 20.12.2024
Tími: 16:33:35
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 123dc0fb-9413-
4453-b4d0-1445640619d8

Bragi Bjarnason



Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 20.12.2024
Tími: 14:26:11
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 123dc0fb-9413-
4453-b4d0-1445640619d8

Eggert Valur Guðmundsson



Undirritað af:
Eggert Valur
Guðmundsson
1508633179
Dags: 20.12.2024
Tími: 19:09:21
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 123dc0fb-9413-
4453-b4d0-1445640619d8

20. stjórnarfundur Arnardrangs hses

2.12.2024

Staðsetning: Fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 14:50.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson og Ása Valdís Árnadóttir.

Frá Bergrisanum mættu Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

1. Umsögn Bergrisans bs.

Bergrisinn bs. tók fyrir minnisblað frá Arnardrangi um eignarhald á fasteignum sem nýtt er fyrir úrræði Bergrisans á starfssvæðinu. Bergrisinn bókaði eftirfarandi um málið:

Stjórn Bergrisans bs. barst minnisblað frá Arnardrangi íbúðafélagi hses. um eignarhald á húsnæði í málaflokki fatlaðra á starfssvæði Bergrisans. Í minnisblaðinu eru lagðir fram fjórir möguleikar, þ.e. að eignarhald sé hjá Bergrisanum bs., að eignarhald sé hjá Arnardrangi íbúðafélagi hses., að eignarhald sé hjá Brák íbúðafélagi hses. eða að eignarhald sé hjá viðkomandi sveitarfélagi. Stjórn Bergrisans tekur undir þann rökstuðning í minnisblaðinu um að eignarhaldið skuli ekki vera hjá Bergrisanum til að gæta að aðskilnaði á þjónustu skv. lögum nr. 38/2018 og styður jafnframt þá niðurstöðu að eignarhaldið skuli vera hjá Brák íbúðafélagi eða sveitarfélögunum. Stjórn Bergrisans gerir því ekki athugasemdir við minnisblaðið.

2. Vegna eignarhalds á fasteignum

Upplýst var um að stjórn Bergrisans hefur ákveðið að ganga til viðræðna við Brák íbúðafélag hses. um byggingu á nýju búsetuúrræði á Hvolsvelli í samræmi við kynningarfundinn og er því ljóst að ekki verður nýtt uppbyggingarverkefni hjá Arnardrangi á næstu misserum miðað við stöðuna í dag.

Farið var yfir næstu skref varðandi framtíð Arnardrang, rætt um samtal skrifstofustjóra og Steinunnar Erlu lögmanns og áætlaður kostnaður við mismunandi sviðsmyndir kynntur (sjá fylgiskjal). Áætlaður rekstrarkostnaður á ári er eftirfarandi:

- Sviðsmynd 1: Nauthagi er seldur og félaginu slitið - 0 kr.
- Sviðsmynd 2: Nauthagi er seldur en félaginu er haldið lifandi - 500.000 kr.
- Sviðsmynd 3: Nauthagi er ekki seldur, engin stjórnarlaun - 3.700.000 kr.
- Sviðsmynd 4: Nauthagi er ekki seldur, stjórnarlaun greidd - 4.900.000 kr.

Ása Valdís vék af fundi kl. 15:20.

þar sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um næstu verkefni eftir Hvolsvöll telur stjórn Arnardrangs ekki rétt að leggja niður Arnardrang að sinni heldur halda félagini á meðan uppbygging á sér stað á Hvolsvelli. Þar sem áætlað er að umtalsverður kostnaðarauki sem og aukin stjórnsýsla fylgir því að eiga áfram Nauthaga 2 í Arnardrang samþykkir stjórn að fela starfsfólk Bergrisans að vinna málið áfram í samræmi við umræður og kostnaðargreiningu og leggja fyrir stjórnarfund.

Í ljósi ofangreinds þá ákveður stjórn jafnframt að fresta aukaársfundi sem áætlað var að halda 10. desember.

3. Önnur mál

Næsti fundur er áætlaður 27. janúar 2025.

Fundi slitið klukkan 15:40

Kostnaðaráætlun Arnardrangs 2025 - umfram það sem er dekkað af leigutekjum

	Sviðsm. 1	Sviðsm. 2	Sviðsm. 3	Sviðsm. 4
Starfsmaður	0	300.000	1.800.000	1.800.000
Þóknun stjórnar	0	0	0	1.200.000
Viðhald	0	0	500.000	500.000
Bókhald og reikningsskil	0	100.000	900.000	900.000
Ýmislegt	0	100.000	500.000	500.000
Samtals	0	500.000	3.700.000	4.900.000

Sviðsmynd 1: Nauthagi er seldur og félaginu slitið

Sviðsmynd 2: Nauthagi er seldur en félaginu er haldið lifandi

Sviðsmynd 3: Nauthagi er ekki seldur, engin stjórnarlaun

Sviðsmynd 4: Nauthagi er ekki seldur, stjórnarlaun greidd

Með leigutekjum er eftirfarandi kostnaður greiddur:

Hiti
Rafmagn
Tryggingar
Fasteignagjöld
Öryggisgæsla og vöktun
Snjómokstur
Garðumhirða
Sorphirða

Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson



Undirritað af:
Anton Kári Halldórsson
0305833539
Dags: 22.12.2024
Tími: 21:59:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 0e679aa6-
0955-48d1-af60-
a5cd17eaa608

Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 20.12.2024
Tími: 14:40:43
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 0e679aa6-
0955-48d1-af60-
a5cd17eaa608

Bragi Bjarnason



Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 21.12.2024
Tími: 10:05:24
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 0e679aa6-
0955-48d1-af60-
a5cd17eaa608



Fundargerð

241. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands
haldinn þriðjudaginn 14. janúar 2025 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi

Mætt: Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson (í fjarfundabúnaði), Örn Friðriksson (í fjarfundabúnaði), Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi, skráning, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

a) Starfsleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2501045HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Dorothee Katrin Lubecki	820	13.01.2025
2501046HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Ríkharður Flemming Jensen	861	13.01.2025
2501047HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Gaddstaðir ehf.	851	13.01.2025
2501041HS	Starfsleyfi heinsivirkri Laugarási	Bláskógbabyggð	806	10.01.2025
2501044HS	Starfsleyfi endurnýjun	Golfklúbbur Selfoss	803	10.01.2025
2501017HS	Starfsleyfi ný starfsemi	AfroViking Laundry House ehf.	850	08.01.2025
2501018HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Veislubær slf. - veitingaþjónusta	801	08.01.2025
2501020HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Holtabyggð ehf.- Birtingaholt retreat	846	08.01.2025
2501007HS	Starfsleyfi ný gististarfsemi	Hof Villa ehf. - gisting	851	07.01.2025
2501008HS	Starfsleyfi tímabundið vegna jarðborunar fyrir neysluvatn	Sveitarfelagið Ölfus	815	07.01.2025
2501001HS	Starfsleyfi endurnýjun	Hellarnir við Hellu ehf.	851	02.01.2025
2412187HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Octavian Brasoveanu	861	23.12.2024
2412157HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Þúfnaskák ehf. - gisting Stóru Mörk	861	17.12.2024
2412158HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Gamlí Bærinn, Kolsholt ehf.	803	17.12.2024
2412132HS	Starfsleyfi endurnýjun	Ölfus áhaldað hús (þjónustumíðstöð)	815	13.12.2024
2412134HS	Starfsleyfi tímabundin starfsemi	Landstólpi ehf. starfsmannabúðir	805	13.12.2024
2412096HS	Starfsleyfi ný starfsemi - Veitingastaður	Sushma Mangani Mankani	800	11.12.2024
2412099HS	Starfsleyfi eigendaskipti Gesthúsum	Umbun ehf.	800	11.12.2024
2412100HS	Starfsleyfi ný starfsemi - baðstaður í náttúrunni	Árböðin ehf.	806	11.12.2024
2412082HS	Starfsleyfi tímabundið - jarðborun, Laugalandi	Ræktunarsamband Flóa/Skeið ehf.	851	10.12.2024
2412083HS	Starfsleyfi tímabundið - Jarðborun í Reykholti, Blásk.	Ræktunarsamband Flóa/Skeið ehf.	806	10.12.2024



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2412085HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Musterið slf.- gisting Halakoti	803	10.12.2024
2412086HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Gott kvöld ehf. Risið	800	10.12.2024
2412065HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Róma ehf. - gisting	851	09.12.2024
2412051HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Gott kvöld ehf.	800	05.12.2024
2412054HS	Starfsleyfi tímabundið - jarðborun	Vatnsborun ehf - Árni Kópsson	816	05.12.2024
2412016HS	Starfsleyfi eigendaskipti	P67 ehf. - veitingastaður	900	03.12.2024

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

Í auglýsingu:

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna.

Ef athugasemdir berast verður ákvörðun um útgáfu tekin á næsta fundi heilbrigðisnefndar.

Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar:

- AfroViking Laundry House ehf., kt. 661124-1480, Langalda 24, 850 Hella, vegna þvottahúss – AfroViking Laundry House að Dynskálum 51, 850 Hella, sjá slóð [hér](#).

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 10. febrúar 2025

- Sveitarfélagið Ölfus kt. 4203697009, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn vegna rannsóknaborunar á holu VB22 á vatnsverndarsvæði Ölfus, sjá [hér](#):

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 6. febrúar 2025

- Vatnsborun ehf. kt. 58080020300, Holtagerði 74, 200 Kópavogi vegna jarðborunar á neysluvatnsholu VSS-39 á vatnsverndarsvæði Vatnsveitu Árborgar. Sjá [hér](#):

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 15. janúar 2025

b) Skráning á eftirlitsskyldri starfsemi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2501039HS	Skráning ný vegna nuddstofu	NG ehf. - Reykholti	806	10.01.2025
2501006HS	Skráning, nýtt - fiskvinnsla	Langa ehf.	900	06.01.2025
2412160HS	Skráning ný vegna sjúkraþjálfunar	Sigfrið Lárusdóttir	845	17.12.2024
2412131HS	Skráning vegna flugeldasýningar Prettándasýning, 6. jan 2025 á Selfossi	Björgunarfélag Árborgar	800	13.12.2024
2412130HS	Skráning vegna flugeldasýningar 2. jan 2025 á Stokkseyri	Björgunarfélag Árborgar	800	13.12.2024
2412128HS	Skráning vegna flugeldasýningar 31. des Selfossi	Björgunarfélag Árborgar	800	13.12.2024

Staðfesting afgreiðslu



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

c) Brennuleyfi fyrir brennar undir 100 m³ – umsagnir til sýslumanna

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2412190HS	Brennuleyfi 31. desember 2024	Mýrdalshreppur	870	30.12.2024
2412178HS	Brennuleyfi 6. janúar 2025	Ungmennafélag Selfoss (UMFS)	800	19.12.2024
2412159HS	Brennuleyfi 31. des 2024	Ari Páll Ögmundsson	801	17.12.2024
2412103HS	Umsögn um Brennuleyfi 100m ³ Kirkjubæjarklaustri	Björgunarsveitin Kyndill	880	11.12.2024
2412097HS	Umsögn um Brennuleyfi 100 m ³ 31. desember 2024	Hrunamannahreppur	845	11.12.2024
2412098HS	Umsögn um Brennuleyfi 100m ³ 4. janúar 2025	Hrunamannahreppur	845	11.12.2024
2412089HS	Brennuleyfi, umsögn um brennu 3. jan	ÍBV	900	10.12.2024
2412017HS	Brennuleyfi Breiðamörk ofan Grýluvallar 31. des 2024	Hveragerðisbær	810	03.12.2024

Staðfesting afgreiðslu

d) Afturköllun / höfnun starfsleyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2501005HS	Starfsleyfi hafnað vegna skipulags - einnig rekstrarleyfi v. gistingar	Orkuheimar ehf.	806	6.1.2025
2501009HS	Afturköllun starfsleyfis starfsemi hættir	Gistiheimili - Holtagisting ehf.	805	07.01.2025
2412161HS	Starfsemi hætt -vegna LEIKSVÆÐIÐ REYRHAGA	Sveitarfélagið Árborg	800	17.12.2024
2412143HS	Afturköllun starfsleyfis starfsemi hættir	Heimagisting - Guesthouse Heba - Íragerði 12 - Kristján Geir Arnþórsson	825	13.12.2024
2411159HS	Afturköllun starfsleyfis - Starfsemi flytur	Ölvisholt ehf. v/brugguhús Ölvisholti	803	28.11.2024

Staðfesting afgreiðslu

e) Umsagnir til sýslumanna

Vegna veitinga- og gistileyfa og tækifærисleyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2501040HS	Rekstrarleyfi Risið	Gott kvöld ehf.	800	10.01.2025
2501035HS	Rekstrarleyfi ný starfsemi Birtingaholt retreat	Holtabyggð ehf. - Birtingaholt retreat	846	09.01.2025
2501002HS	Rekstrarleyfi - Stóra Mörk	Þúfnaskák ehf.	861	02.01.2025
2412169HS	Rekstrarleyfi nýtt - íbúðir	Gaddstaðir ehf.	851	18.12.2024
2412155HS	Rekstrarleyfi - Kolsholt Nýtt	Gamli Bærinn, Kolsholt ehf.	803	17.12.2024
2412141HS	Rekstrarleyfi eigendaskipti Gesthúsa veitingastaður og gisting - tvær umsóknir frá sýslumanni	Umbun ehf.	800	13.12.2024
2412140HS	Rekstrarleyfi nýtt frístundahús Bláskogabyggð	Cottage Rentals ehf.		13.12.2024



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2412137HS	Rekstrarleyfi veitingastaður nýr	Arekie ehf.	800	13.12.2024
2412076HS	Rekstrarleyfi - stækkun í 30 gesti	Heimagisting, Langholti 2 - Country Dream ehf.	803	09.12.2024
2412068HS	Rekstrarleyfi gisting Svínhaga L7 A	Róma ehf.	851	09.12.2024
2412055HS	Rekstrarleyfi, veitingar	P67 ehf.	900	05.12.2024
2501060HS	Tækifærисleyfi - Þorrablót Áshreppinga	Rangárþing ytra	850	14.01.2025
2501056HS	Tækifærисleyfi Þorrablótsnefnd Hvölhrepps	Rangárþing eystra	860	13.01.2025
2501055HS	Tækifærисleyfi íþróttahúsi Vallaskóla - Selfossþorrablót 2025	Góð stemning ehf.	800	13.01.2025
2501043HS	Tækifærисleyfi Tungusel, Þorrablót 15. feb.	Félagsheimilið Tungusel	881	10.01.2025
2501036HS	Tækifærисleyfi Versölum, Leikfélag Ölfus, þorrablót 1. feb.	Sveitarfélagið Ölfus	815	09.01.2025
2501032HS	Tækifærисleyfi Laugalandi þorrablót 8. febrúar	Byggðasamlagið Oddi bs.	851	09.01.2025
2501029HS	Tækifærисleyfi Þorrablót Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli 2025	Rangárþing eystra	860	09.01.2025
2501028HS	Tækifærисleyfi Þorrablót Kirkjubækjarklaustri 2025	Skaftárhreppur	880	09.01.2025
2501027HS	Tækifærисleyfi Þorrablót Fossbúð 2024	Rangárþing eystra	861	09.01.2025
2412146HS	Tækifærисleyfi - Þorrablót Flóamanna	Flóahreppur		16.12.2024

Afgreiðsla staðfest

f) Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála

Skipulagsmál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2501024HS	Efra-Sel golfvöllur L203094, breyting á verslunar- og þjónustusvæði, nr. 0032/2025 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	09.01.2025
2501023HS	Heiðargerði 9-18, athafnasvæði, nr. 00302025 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	09.01.2025
2501022HS	Birtingaholt 1 L166725, Birtingaholt 1D og 1D land, nr. 0028/2025 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	09.01.2025
2501021HS	Sauðholt 2 lóð L22017, Sauðholt 2B L231134, sameining lóða, nr. 0027/2025 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	09.01.2025
2412184HS	Hlíðarvegur 17, Sýslumannstún, nr. 15452024 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	19.12.2024
2412181HS	Brúnavegur 4 L168343 í landi Ásgarðs, gisting flokkur I og II, nr. 15302024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	19.12.2024
2412180HS	Minna-Mosfell L168262, efnistökusvæði og landbúnaðarlóðir, nr. 1529/2024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	19.12.2024
2412179HS	Bergstaðir lóð 2 L200941, úr sumarhúsalóð í verslunar- og þjónustulóð, nr. 1527/2024 - Umsögn um ASKbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	19.12.2024



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2412144HS	Lækur landgræðslulóðir, nr. 15122024 - Umsögn um DSKbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	16.12.2024
2412126HS	Listaverk Ólafs Elíssonar við Eldfell, nr. 14072024 - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu	Vestmannaeyjabær - umhv.og framkv.svið	900	12.12.2024
2412125HS	Miðbær Selfoss, Tryggvatorg og árbakkasvæði, dælustöð, nr. 1454/2024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	12.12.2024
2412124HS	Haukadalur 3 L167099, nr. 1493/2024 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	12.12.2024
2412123HS	Fell L177478, Landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu, nr. 14922024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	12.12.2024
2412122HS	Reitur ÍB3 Flúðum, íbúðarsvæði í þjónustusvæði (S1), nr. 1491/2024 - Umsögn um ASKbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	12.12.2024
2412120HS	Reykir L166491, frístundabyggð, nr. 1490/2024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	12.12.2024
2412119HS	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps, stækken Búðanámu, nr. 1489/2024 - Umsögn um aðalskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	12.12.2024
2412118HS	Laugardælur hverfi, nýr aðkomuvegur, nr. 1487/2024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	12.12.2024
2412117HS	Aðalskipulag Bláskógbabyggðar 2015-2027, flokkun landbúnaðarlands og votlendis, nr. 1486/2024 - Umsögn um ASKbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	12.12.2024
2412116HS	Reiðholt 2, nr. 1502/2024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	12.12.2024
2412115HS	Búð, nr. 1501/2024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	12.12.2024
2412113HS	Lúnansholt III og IV, nr. 1500/2024 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	12.12.2024
2412110HS	Hallstún L165088, nr. 1499/2024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	12.12.2024
2412108HS	Heimahagi, nr. 1498/2024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	12.12.2024
2412081HS	Árbær IV Dýraspítali, nr. 14882024 - Umsögn um aðalskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	10.12.2024
2412080HS	Laxabraut 12, nr. 1465/2024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	10.12.2024
2412075HS	Efri Ey II og III, nr. 1442/2024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps	880	09.12.2024
2412071HS	Laki, nr. 14452024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps	880	09.12.2024
2412070HS	Dalbæjarstapi, ferðaþjónusta, nr. 14442024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps	880	09.12.2024
2412069HS	Giljaland, nr. 14432024 - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps	880	09.12.2024
2412067HS	Ferðaþjónusta í landi Snæbýlis, nr. 14402024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps	880	09.12.2024
2412063HS	Miðsvæði á Kirkjubæjarklaustri, nr. 14472024 - Umsögn um deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps	880	09.12.2024

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Umhverfismál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2501015HS	Breyting á seiðaeldisstöð First Water að Öxnalæk, nr. 00102025 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd	Skipulagsstofnun	105	08.01.2025
2412109HS	Landfylling við Þorlákshöfn, 1497/2024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd	Skipulagsstofnun	105	12.12.2024
2412107HS	Aðkomuvegur að mastri í Þrengslum, nr. 14962024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd	Skipulagsstofnun	105	12.12.2024

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

h) Rekstraryfirlit

Til kynningar

2. Úr eftirliti

a. Vatnsborun ehf. Ingólfssfjalli

Til kynningar.

b. The Barn - N18 ehf.

Fráveitumannvirki Norður-Fossi – var í auglýsingu 26. ágúst – 23. sept. sl. Þar sem fullnægjandi gögn hafa ekki borist þarf að auglýsa aftur

c. LaufeyVigg ehf.

Fráveitumannvirki Brúnum 1, 861 Hvolsvelli – var í auglýsingu 12. ágúst – 9. sept. sl. Þar sem fullnægjandi gögn hafa ekki borist þarf að auglýsa aftur.

d. Seljalandsfoss ehf. Rangárþingi eystra

Til kynningar – svæðið er í deiliskipulagsferli og því verður frestur framlengdur.

e. Fráveita í Reynisfjöru

Umsókn um starfssleyfi hefur ekki borist þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar.

f. Birdland, Iceland, Selfossi

Til kynningar – framvæmdastjóra falið að fylgja málínus eftir.

3. Aðsend erindi:

a. Sundlaugin í Vík, einn á vakt - niðurstaða úrskurðarnefndar

Bókun:

Til kynningar er niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála mál nr. 125/2024. Felld var úr gildi ákvörðun Heilbrigðisnefndar Suðurlands um að synja heimild til að hafa einn á vakt í sundlaug víkur, eins og segir m.a. í niðurlagi úrskurðarins:

„Í tilkynningu Mýrdalshrepps frá 21. ágúst 2024 var gerð grein fyrir því hvernig þessum skilyrðum væri fullnægt vegna áforma um að einungis einn sundlaugarvörður yrði að störfum. Fram kom að laugin væri 16,7 m að lengd, vakt og afgreiðsla væri í sama rými með yfirsýn yfir laugina auk þess að nýtt myndavélakerfi hefði verið sett upp. Einnig kom fram að laugarvörður kæmi ekki til með að gegna öðrum störfum og hefði fyrirfram



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

skilgreindan aðila sem unnt væri að hringja í, kæmi til þörf á liðsauka af einhverjum ástæðum. Þá var einnig fjallað um skilyrði er vörðuðu gestafjölda. Að áliti úrskurðarnefndarinnar verður að telja þessar fullyrðingar trúverðugar en um leið er vert að áréttá þá ríku skyldu sem hvílir á starfsleyfishöfum að tryggja fullnægjandi eftirlit á sundstöðum og þar með talið að laugavörður verði ekki láttinn sinna öðrum störfum en honum eru ætluð. Í tilefni af umfjöllun um mögulega truflun sem sundlaugarvörður geti orðið fyrir vegna barna í íþróttastarfí þykir rétt að benda á að standi áform til þess að hafa íþróttasal og líkamsræktarstöð ómannaða er skylt að fara eftir reglum og leiðbeiningum þar að lítandi og með því m.a. takmarka aldur einstaklinga við 18 ára, séu þeir ekki í fylgd fullorðinna.“

Í ljósi ofangreinds gerir Heilbrigðisnefnd Suðurlands að kröfu sinni að Umhverfis-orku- og loftslagsráðuneytið setji fram leiðbeiningar með skýrum hætti við hvað er átt með „flóknari uppbygging“ sundlaugar skv. 5. ml. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum þar sem segir: „Við laugar lengri en 40 m eða flóknari uppbyggingu skal hafa minnst two laugarverði við laugargæslu.“ Ef einungis er átt við laugar lengri en 40 m þá ætti það að koma fram.

b. Samþykkt um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð

Til kynningar og samþykktar

c. Samþykkt um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Til kynningar og samþykktar

d. Árböðin

Umsókn um nýtt starfsleyfi þar sem sótt er um leyfi fyrir afþreyingarlaug í flokki 1 skv. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni m.s.br.
Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur farið yfir gögn málsins og samþykkir flokkunina fyrir sitt leyti.

e) Reykjaböðin baðlón

Til afgreiðslu er beiðni frá rekstraraðilum Reykjabaðanna í Hveragerði um flokkun fyrirhugaðs baðlóns sem afþreyingarlaug fyrir afþreyingarlaug í flokki 1 skv. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni m.s.br.
Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur farið yfir gögn málsins. Ákvörðun frestað þar sem frekari upplýsingar vantar.

f) Skansinn hótél og baðlón í Vestmannaeyjum, tillaga á vinnslustigi.

Til kynningar

g) Pure North Recycling – bókun frá Hveragerðisbæ

Til kynningar er fundargerð frá 11. fundi skipulags- og umhverfisnefndar Hveragerðisbæjar þar sem bókað var: „Nefndin leggur til að reynt verði að finna starfseminni nýjan stað á iðnaðarsvæði sunnan þjóðvegar í Vorsabæ. Nefndin tekur sömuleiðis undir áhyggjur



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Brunavarna Árnessýslu og bendir jafnframt á óþrifnað sem verður eftir vindasama daga og krefst úrbóta þar á.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands tekur heilshugar undir bókunina og beinir því til Veitna ohf. sem reka gufuveituna í Hveragerði að taka málið til ítarlegrar skoðunar.

4. Önnur mál

a) Reglugerð um baðstaði í náttúrunni – ítrekun frá fyrri fundum

Bókun:

Heilbrigðisnefnd Suðurlands ítrekar fyrri kröfu um að reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni m.s.br. verði tafarlaust tekin til endurskoðunar þar sem mikilvægt er að ákvæði hennar séu túlkuð með sama hætti yfir landið til að stuðla að jafnræði þegar rekstraraðilar óska eftir upplýsingum um kröfur eða flokkun á sínum baðstað. Það er viðkomandi heilbrigðisnefndar að flokka laugar á sínu starfssvæði sbr. 4. gr. rgl. 460/2015 m.s.br.. Heilbrigðisnefndum í landinu er legið á hálsi fyrir að vera ekki með samræmd vinnubrögð, en skýringar gætu legið í þegar lög og reglur eru með þessum hætti. Vísad er í fyrri bókanir Heilbrigðisnefndrar Suðurlands á 233. fundi 12. febrúar 2024, 234. fundi 21. mars 2024 og á 235. fundi 6. maí 2024.

b) Kjarasamningur FÍN

Til kynningar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55

Guðrún S. Magnúsdóttir

Páll Tómasson

Fjóla St. Kristinsdóttir

Kjartan Ólafsson

Oddur Árnason

Örn Friðriksson

Sigrún Guðmundsdóttir

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir

Tími: 14.01.2025 15:48
Undirritað skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Oddur Árnason
Kennitala: 0605655899
Tími: 14.01.2025 16:44
Samþykkt

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Páll Tómasson
Kennitala: 1305823389
Tími: 14.01.2025 21:52
Samþykkt

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
Kennitala: 2702725849
Tími: 14.01.2025 16:15
Samþykkt

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir
Kennitala: 2708755729
Tími: 14.01.2025 19:17
Samþykkt

Undirritað með OneSign

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Kjartan Þ Ólafsson
Kennitala: 0211535599
Tími: 15.01.2025 10:55
Samþykkt

Undirritað með OneSign